

Helgi Þorláksson

Konungsvald og hefnd

Íslendingasögur og fæðardeilur

Íslendingasögur sem teljast vera frá 13. öld hljóta jafnan lof sem góðar bókmenntir en hinar sem taldar eru vera frá 14. öld þykja standa þeim langt að baki. Þetta eru td. *Kjalnesingasaga* (líklega frá tveimur fyrstu áratugum 14. aldar), *Finnbogasaga* ramma (eldri en 1350, líklega frá fyrsta fjórðungi 14. aldar) og *Þórðarsaga* hreðu (líklega frá um 1350). Frásagnartækni þeirra er svipuð og Íslendingasagna og þær eru líkar að efni, fjalla helst um deilur og bardaga. Munurinn er einkum sá að bardagalýsingar þessara yngri sagna þykja helst til margar og endurtekningasamar; persónulýsingar þykja líka fremur grunnar og eru að þessu leyti sagðar standa á milli Íslendingasagna 13. aldar og fornaldarsagna.¹

Ýmsir fræðimenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að Íslendingasögur fjalli helst um fæðardeilur svonefndar, það sem nefnist *feud* og *bloodfeud* á ensku. Þetta megi kalla samkenni þeirra. Jesse L. Byock hefur bent á að fyrir fólki 13. aldar hafi fæðardeilur verið lifandi veruleiki, sbr. td. "... the story had to be portrayed as possible, plausible, and therefore useful within the context of Iceland's particular rules of social order and feud. The sagas served as a literature of social instruction".² Þetta verður að teljast sannfærandi.

Hvað eru fæðardeilur? Þær hafa orðið til þegar tveir aðilar, einstaklingar eða hópar, hafa skipst á þremur ofbeldisverkum, ekki endilega mannvígum, A hefur beitt B ofbeldi, B svarað með ofbeldi og A svarað aftur. Jafnvel má tala um fæðardeilu um leið og B bregst við fyrst ef fram kemur að áður hefur verið kali, óþykja eða fæð með mönnum. Þegar deilan er komin á stig mannvíga eða ef mannsblóði er úthellt má tala um blóðhefnd. Fæðardeilur einkenna samfélög þar sem skortir sameiginlegt framkvæmdavald, hver verður að verja sig sjálfur og fá réttung mála sinna. Deilur hefjast með því að mönnum þykir heiður sinn skertur og vilja endurheimta hann. Allir málsmegandi karlar reynast vera í símati samfélagsins, heiður þeirra er metinn eins og sýna orðin virðing (sbr. virða), metorð (sbr. mat) og sæmd (sbr. enska seem). Deilur minna á skák, þegar A hefur leikið bíður hann eftir svipuðum leik frá B en deilurnar stigmagnast þó jafnan og leysast vart

¹ Um þessar sögur sjá formála Jóhannesar Hatldórrssonar í *Kjalnesinga saga* (Íslenzk fornrit XIV, 1959), einkum xliii, xvii-xviii, liii-iv og lxvii-lxviii. Jón Torfason, "Góðar sögur eða vonðar". *Skáldskaparmál* I (1990), 118-30. Ennfremur greinar Margrétar Eggertsdóttur (Finnbogasaga), Tommy Daniellsson (*Kjalnesingasaga*) og Regis Boyers (*Þórðarsaga*) í *Medieval Scandinavia. An Encyclopedia* (1993).

² Jesse L. Byock, *Medieval Iceland. Society, Sagas and Power* (1988), 36.

nema til komi afskipti þriðja aðila með milligöngu, griðum og gerð eða sjálfdæmi.³

Samkvæmt elstu sögum Sturlungu voru fæðardeilur lifandi veruleiki og þeirra gætir fram yfir 1220. Á bilinu 1235-64 logaði hins vegar allt í óeirðum á Íslandi, í stað fæðardeilna, þar sem ofbeldi var takmarkað og tilgangurinn að endurheimta heiður sinn, voru komin átök sem snerust um að ganga á milli bols og höfuðs á andstæðingi sínum og hrifsa til sín þau vöid og yfirráðasvæði sem hann hafði. Það var stríð með ótakmörkuðu ofbeldi, leikreglur fæðardeilna voru ekki virtar og þær hverfa í skuggann.

Blóðhefnd og fæðardeilur úr sögunni 1270?

Á Íslandi komst friður á árið 1264 eða skömmu síðar, Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd og stríðinu lauk. Íslendingar fengu nýja lögbók, Járnsíðu, árið 1271 og með henni þá reglu að konungur gerðist sjálfkarfa vígsakaraðili, vígsmál sem voru einkamál urðu opinber og konungur gerðist auk þess aðili flestra sakamála.⁴ Í þessu lýsir sér viðleitni konungsvalds að uppræta blóðhefnd og kannski fæðardeilur með öllu. Engu að síður lifði vitundin um hefndarskyldu og við kynnumst blóðugri fæðardeilu árið 1273 sem átti sér gamlar rætur.⁵ Sögur frá lokum 13. aldar benda til að fæðarhugsun hafi verið lifandi í samfélaginu og má einkum benda á Njálssögu og Hrafnkelssögu því til staðfestingar.

Haft er fyrir satt að konungi hafi tekist að friða landið vel frá 1264 og virði vera tengt því að blóðhefnd skyldi upprætt. Björn Þorsteinsson ritaði td. um lögtöku Járnsíðu, “Blóðhefnd var þá numin úr íslenskum lögum, og hernaður og hefndarvíg hurfu að mestu úr sögunni, ásamt samtíðarfrásögnum af leikum höfðingjum, sem voru ekki söguefni eftir að þeir urðu umboðsmenn konungs; sagnaritunin á 12. og 13. öld hefur verið snar þáttur í pólitíkinni”.⁶ Hér er ekki gerður munur á stríði og blóðhefnd sem er tvennt ólíkt, eins og fram er komið. En stríðinu var lokið og konungur gerðist vígsakaraðili og því gerir Björn ráð fyrir að menn hafi látið af fæðardeilum, og að mestu hætt að verja heiður sinn og hefna.

Víst er um það að miklar sögur um samtímaatburði, eins og safnað var saman í Sturlungu, eru ekki til um 14. öld. Ábending Björns um það að þetta megi rekja til þess að “hefndarvíg hurfu að mestu úr sögunni” er athyglisverð. Hérna er þá kannski líka fengin skýring á því af hverju Íslendingasögur 14. aldar þykja standa Íslendingasögum 13.

³ Helgi Þorláksson, Hvað er blóðhefnd? *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni* (1994), 389-414.

⁴ Jón Jóhannesson, *Íslendinga saga II* (1958), 65-6.

⁵ *Árna saga biskups*. Útg. Þorleifer Hácksson (1972), 39-40.

⁶ Björn Þorsteinsson, Bergsteinn Jónsson, *Íslandssaga til okkar daga* (1991), 121. Frá þessum texta var reyndar gengið eftir frúfali Björns en í kalla Björns og Sigurðar Lindals, *Lögfesting konungsvalds, í Sögu Íslands III* (1978), 49, segir: “Árið 1271 var blóðhefndin numin úr íslenskum lögum. Þá hvarf hernaður og hefndarvíg að miklu leyti úr sögunni hér á landi ...”

aldar að baki; fæðardeilur og blóðhefnd eru ekki til á 14. öld og sögurnar því ekki annað en daufrur endurómur sagnanna frá 13. öld, vélrænar og lífvana endurtekingar um blóðsúthellingar sem eru yfirborðslegar af því að lítið var í húfi í samfélagi þar sem friður ríkti að mestu og konungur verndaði þegnana?

Ekki stenst þetta við nánari könnun. Stuttur kafli í *Sögu Íslands V* frá 1990 nefnist “Hefndarvíg” og þar segir ma. “Menn hafa eðlilega ekki getað lagt niður hefndarvíg í einu vetfangi, því að sú siðvenja átti sér djúpar rætur”. Þetta mun vera hverju orði sannara. Vitnað er til frásagna um hefnd fyrir víg herra Kolbeins Bjarnasonar 1310 og Páls Eyjólfssonar 1344 og bætt við, “Þetta hefur hvort tveggja verið hefndarvíg eins og tíðkuðust hér frá fornu fari en oft er vant að sjá hvort vegendum var hegnt eftir dómi ...”⁷ Það var Karlamagnús Magnússon af ætt Oddaverja sem vó herra Kolbein “fyrir þá sök að hann hafði látið kveða flím um hann en herra Kolbeinn duldi og bauð undanfærslu”. Hér er Karlamagnús að hefna fyrri skertan heiður og þótti víst fullgild ástæða til hefnda fyrir 1264. Karlamagnús var veginn til hefnda eftir herra Kolbein og tveir menn aðrir og stóð Þórður sonur Kolbeins fyrir hefndunum; hann lifði líklega til 1331 og hefur þá ekki verið höggvinn samkvæmt dómi fyrir tiltækið.⁸

Sá hét Þorsteinn Jónsson sem vó Pál Eyjólfsson (Pretta-Pál); til hefnda urðu synir Páls og vógu ekki Þorstein heldur tvo menn sem þeir kenndu “aðvist um víg föður síns”; það merkir að þeir hafi verið viðstaddir vígið.⁹ Ekki er vitað um eftirmál.

Þriðja málið má nefna; sundurþykkja var milli Jóns Hallssonar og Arnórs Þórðarsonar um sýsluvöld. Jón lét aflima Arnór á hendi og fæti að ráðum Þorsteins Gunnhyltings, árið 1342. Sá Þorsteinn var síðan veginn 1343, vafalaust til hefnda fyrir Arnór.¹⁰

Áður er getið um málið sem kom upp 1273 og er dæmigert blóðhefndarmál; maður hjó til manns sem hafði áður vegið föður hans; bróðir vegendans hafði verið veginn til hefnda og víg féllust í faðma en það nægði ekki þeim sem hefndi 1273 af því að hann var barn þegar sátt var gerð, hafði ekki verið spurður um afstöðu sína og þóttist missa bóta. Frá þessu segir eingöngu í sögu Árna biskups og því aðeins að biskup var viðstaddur atburðinn og blóð féll á hann. Annars hefði þessa vart verið getið. Er því vart mikið að marka þótt lítið beri á fæðardeilum og blóðhefnd í helstu heimildum um tímenn 1264 til 1309, hinum kirkjulegu Árnasögu og Lárensúsarsögu og fáorðum annálum. Undantekning er við árið 1296 þegar segir í annálum að þá hafi verið

⁷ Björn Þorsteinsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Enska öldin með viðaukum eftir Sigurð Línal. *Saga Íslands V* (1990), 82.

⁸ *Islandske Annaler indtil 1578* Útg. Gustav Storm (1888), IV, V, VII VII, IX. *Laurentius saga biskups*. Útg. Árni Björnsson (1969), 56,59. Þórður Kolbeinsson er sagður hafa dáið 1331 en ekki er handvíst að það sé Auðkýlingurinn.

⁹ *Islandske Annaler* VIII, IX.

¹⁰ *Islandske Annaler*, V, VI, VIII, IX.

vígasumar og orðið nú “stökkvíg” á Íslandi.¹¹ Í orðabók Fritzners er þetta skýrt svo, “Drab som udöves enkeltvis, det ene efter det andet med nogen Tids Mellemrom” og hafa getað verið blóðhefndarvíg. Um þau mun ekki nánar vitað.

Ákvæði Jónsbókar um vígsmál

Er ætlandi að blóðhefnd hafi ekki horfið úr sögunni með Járnsíðu og hvað segir í Jónsbók um málið? Þessi síðarnefnda lögbók var send Íslendingum árið 1280 og þar er kveðið á um það í mannhelgisbálki að sá sem vegur mann verði að greiða konungi þegngildi, 13 merkur, aðstandendum sektir og fara úr landi. Gert er ráð fyrir að konungur geti gefið mannsbana landsvist fyrir bænarstað höfðingja eða annarra góðra manna og eins gert ráð fyrir að menn sem komast á konungsfund kaupi sig í frið við hann, sættist við aðstandendur og losni þar með úr útleigðinni.¹²

Tekið er strangar á niðingsverkum sem eru td. afhögg lima, morð eða dráp manns sem vegandi á ekkert sökótt við. Slíkir drápsmenn eru óheilagir og getur það hafa átt við um Þorstein Gunnhylling sem er sagður hafa lagt á ráðin um aflimum Arnórs Þórðarsonar, sé rétt frá hermt. Þeir sem ekki lýstu vígi á hendur sér töldust morðingjar og voru þá óheilagir.¹³

Hefnd er aðeins leyfð í því tilviki að sá sem misgert er við fái ekki bætur og sýslumaður “afrækist rétt að gera”. Sé hefndin jöfn tilverknæði, er málinu lokið. Sé hefndin meiri en tilverknæður, verður að bæta mismuninn.¹⁴

Yrki maður um mann til háðungar eða niðs, skal hinn ákærði færast undan með eiði eða gjalda eða fjórar merkur.¹⁵ Þannig hefur víg herra Kolbeins að öllu leyti strítt gegn Jónsbók.

Þar sem ekkert var aðhafst eftir víg Þorsteins Gunnhyllings og Karlamagnúsar, svo að séð verði, vaknar spurn um það hvort vígin hafi þótt makleg og hefnd hafi þótt eðlileg oftast en gert er ráð fyrir í lögum. Um það þegja heimildir en í svonefndri Áshildarmýrarsamþykkt frá 1496 er Árnesingum gert skylt að ríða á eftir utansveitarmönnum “sem vanhlut gjörðu” og ekki skilja við þá fyrir en “sá hefur fulla sæmd sem fyrir vanvirðingu varð. Kann svo til að bera að hefndin verði meiri í eftirförinni en tilverknæðurinn, þá skulu allir skattbændur jafnmiklu bítala”.¹⁶ Hér kemur fram skýr fæðarhugsun eins og hún var á þjóðveldistíma (fyrir 1264) um endurheimt á skertum heiðri og maklega

¹¹ *Isländske Annaler*, III, VII, IX.

¹² *Jónsbók* (1904), 35-6.

¹³ Sama, 38-9, 47.

¹⁴ Sama 60-61.

¹⁵ Sama 66.

¹⁶ Um Áshildarmýrarsamþykkt almennit sjá Gunnar Karlsson, “Söguleg merking Áshildarmýrarsamþykktar”, *Árnesingur* IV (1995), 71-9.

hefnd. Ákvæði Jónsbókar um leyfilega hefnd er túlkað afar frjállega, ekkert minnst á að bótum sé neitað og sýslumaður vanræki málið.

Fæðardeilur og konungsnáð í Noregi

Noregskonungur hlýtur oft að hafa verið allmildur í afstöðu sinni til vígsmála. Maður nokkur lagði höfðingjann Gauta í Tólgu með hnífi til bana, í misgripum að sögn Arnasögu. Ísak sonur Gauta tók drápsmanninn úr Svitunkirkju í Stafangri, lét hálshöggva hann og varð útlægur. Þetta gerðist árið 1288.¹⁷ Ísak fékk fulla uppgjöf saka og uppreisn æru eins og marka má á því að hann var kominn í raðir framámanna í Noregi ekki síðar en 1295 og var í ráði konungs.¹⁸

Þetta má bera saman við það er herra Álfur Erlingsson lét drepa Hallkel krækidans, höfuðsmann konungs í Ósló, árið 1287. Álfur varð landflóttu og útlægur og fékk aldrei uppreisn æru.¹⁹

Ýmis rök eru til að halda að vægilega hafi verið tekið á hefndarvígum í Noregi á umræddum tíma. Má einkum benda á mál frá Heddal (meðal inndala suðaustanlands) frá 1337 sem Grethe Authén Blom dregur fram. Hún skrifar, "I de to bevarte dombrev ... föler leseren seg hensatt til tidlig sagatid; for mot midten av 1300-tallet skulle jo ættefeider og selvtekt forlengst være avløst av mer siviliserte former for oppgjør".²⁰ Hópar deildu, tveir menn höfðu verið vegnir og ýmsir særðir; lögmaður og sýslumaður komu fram eins og milligöngumenn í málinu og tókst að ná fram sáttum, jöfnuðu út áverka og kváðu á um sektir. Hér er eins og fæðarkerfi lifi fyrir utan dómskerfið, eins og tíðkaðist á Íslandi. Í öðru máli frá sömu slóðum, litlu síðar, var hestur tekinn ófrjálstri hendi, þess var hefnt með hnífstungu, sætt var rofin, maður veginn og síðan annar til hefnda fyrir hann.²¹ Á sjöunda áratugnum komu upp svipuð mál á sömu slóðum; langvarandi fæð var td. milli tveggja manna, annar reyndi að slá til hins fyrir kala sem hann þóttist kenna og ógnaði honum í orðum; sami maður og bróðir hans veittust síðar að sama manni en áverkum var afstýrt; nú var komið að þeim sem fyrir áreitni varð að svara fyrir sig og saman með fjórum öðrum vó hann bræðurna ágengu. Um viðbrögð konungsvalds er ókunnugt.²²

Blom leggur áherslu á að efnað fólk og vel ættað sem var tilbúið að greiða sektir hafi lýst vígi á hendur sér og getað þannig bjargað sér úr vígsmálum, hinir fátæku sem urðu sekir um víg hafi látið sig hverfa. Hún skrifar, "Ved å vigrlyse gjerningen, søke om grid/landsvist påtok de seg samtidig å gjøre opp slik loven forutsatte ...".²³ Henni þykir ljóst að

¹⁷ *Árna saga biskups*, 167.

¹⁸ Knut Helle, *Konge og gode menn* (1972), 584-5.

¹⁹ *Laurentius saga biskups*, 11. Helle, tilv. rit, 355.

²⁰ Grethe Authén Blom, *Norge i union på 1300-tallet. Kongedønne, politikk, administrasjon og forvaltning 1319-1380 I* (1992), 307

²¹ Sama rit, 307-10.

²² Sama rit II, 623-4.

²³ Sama rit II, 621.

talist hafi málsbætur ef í ljós kom að drápsmaður hefði vegið til hefnda fyrir niðrandi orð eða barsmíðar og þar með skertan heiður.²⁴

Spurningin er hvort konungsvald sem stefndi að því að uppræta blóðhefnd hafi þolað hana ef hún varð réttlætt með áreitni af hálfu hins vegna og með skertum heiðri sem hlaust af áreitni hans.

Nauðsyn að ná konungsfundi

Samkvæmt annálum urðu víg alltið frá um 1300, sumir vígsmenn náðu konungsfundi og hiutu uppreisn æru, aðrir töldust morðingjar og voru höggðir eða jafnvel kviksettir. Oft hefur þetta víst orðið hiutskipti hinna fátækari sem lýstu ekki vígi á hendur sér. Næðust þeir, hafa þeir væntanlega jafnan talist morðingjar.

Menn voru dæmdir á konungsmiskunn en frá 1314 áttu vandræðameann kost þess að komast í kirkju og varð þá að flytja þá úr landi á konungsfund. Frá 1318 skyldu mektarmenn ráða hverjir skyldu ná konungsfundi.²⁵

Það var vegendum nauðsyn að ná konungsfundi en kannski ekki einfalt; árið 1357 vó Jón murti mann “og fór aldri utan og lifði meira en þrjátígi vetra síðan og varð sótt dauður”.²⁶ Gera verður ráð fyrir að fram til þessa tíma hafi allir þeir vegendur sem áttu nokkuð undir sér leitað á konungsfund í Noregi. Árið 1302 hafnaði alþingi utanstefnum konungs, “utan þeir menn sem dæmdir verða af vorum mönnum á alþingi burt af landinu”.²⁷ Og hið gagnstæða er þekkt, mektarmaður í Noregi var dæmdur til útleððar á Íslandi.²⁸

Kunnastur allra íslenskra vígsmanna sem náðu konungsfundi er Gissur galli (f. 1269), vel ættaður maður og var allvel efnum búinn á efri árum sínum. Hann vó Höskuld nokkurn árið 1306, fór utan árið 1308 og gerðist hirðmaður Hákonar konungs árið 1309. Árið 1310 sendi konungur hann “á Finnmörk eftir skatti er ekki hafði fengist um mörg ár”. Hann kom aftur með skattinn árið 1311 og kom út til Íslands árið 1312. Frá þessu öllu greinir í Flateyjarannál og ennfremur að Marteinn Finnakonungur hafi komið til Hákonar árið 1313 og ber víst að líta á það sem afleiðingu af för Gissurar. Sama ár barðist Gissur við tvær áhafnir norskra kaupskipa, lá tólf mánuði í sárum og varð heill; hann fór aftur til Noregs 1315, var með Hákonni konungi og lenti í ýmsum ævintýrum í Svíþjóð. Frá honum eru komnir auðmenn og

²⁴ Sama rit II, 623.

²⁵ *Íslandske Annaler* VIII (1348): Magnús Már Lárusson, Frelðshæð, Ísland, *Kulturhistorisk leksikon* IV (1959), 667.

²⁶ *Íslandske Annaler* IX.

²⁷ Jón Jóhannesson, *Íslendinga saga* II (1958), 248.

²⁸ Sjá um Loðin á Þakka, *Íslandske Annaler* VII, IX (1293, sbr. 1361). Hér má líka nefna kaupmanninn Sigard Arntmann Gyðuson sem vó Styrkár Gissurarson í Nesi andir mabörði á uppstigningardag 1341. Sami Sigurðar var á skipi sínu við Ísland 1346, sbr. *Íslandske Annaler* IV, V, VIII.

mektarmenn á Íslandi, ma. Jón Hákonarson sem lét skrifa Flateyjarbók og taka saman Flateyjarannál, helstu heimildina um Gissur.²⁹

Gissur fékk þannig uppreisn æru en ekki kemur fram hvort hann vó hefndarvíg og hafði málsbætur.

Gissur, Búi og Finnbogi

Jón Jóhannesson ritar að ævintýri Gissurar galla "hefðu mátt verða ærið efni í Íslendingasögu ef nokkrum hefði dottið í hug færa hana í letur ...".³⁰ Erfitt er að verjast þeirri hugsun að ævintýri Búa Andriðssonar, eins og frá þeim segir í Kjalnesingasögu, dragi dóm af því sem henti Gissur í Noregi. Búi var uppi um 900, vildi ekki blóta og hafði goðinn Þorgrímur því illan bifur á honum; voru "fáleikar miklir millum húsa". Sonur goðans sýndi Búa áreitni, Búi svaraði fyrir sig, varð honum að bana og brenndi hof Þorgríms en lýsti víginu á hönd sér. Þorgrímur fékk ekki færi á Búa sem fór sínu fram og atti kappi við menn. Loks fór hann til Noregs, á fund Haralds hárfagra; "lét konungur illa yfir því er Búi hafði brennt hofid og kallaði það nðingsverk" og varð Búi að leysa höfuð sitt með sendiferð. "Þú skalt sækja tafl til Dofra fóstura míns og færa mér". Þetta hafði engum tekist en lánaðist Búa ágætlega og með taflid kom hann.

Líkingin með för Gissurar til að heimta skattinn af Finnum er mikil. Í sögunni verður að fá Haraldi einhvern rétt til að refsa Búa þar sem hann var ekki þegn hans; þetta er leyst með hofsbrunanum, Haraldur er einhvers konar verndari hofa, hliðstæður kristnum konungum sem vörðu kirkjuna. Brotið er alvarlegt enda refsingin talin försending og að heimtu taflinu lætur konungur Búa glíma við ógurlegan blámann. Búi hefur ekki við honum en tekst með lagni að fella hann ofan á hvassa hellu og drepa þannig. Þá sagði konungur, "far nú til áttjarða þinna í friði fyrir oss".

Ekki er kunnugt að menn hafi borið saman ferðir Búa og Gissurar.³¹ Kann að vera að för Búa þyki of óraunveruleg á fund Dofra trölls til að líklegt sé að för Gissurar hafi mótað hana. En þess er að gæta að tröll hafa verið lifandi veruleiki fyrir Norðmönnum á 14. öld, megi marka frásögn Íslenskra annála við árið 1338 um 15 álna risa sem víkverskur maður sem Halldór hét og þrír aðrir unnu norður á Mörkum. "Þeir hétu suðurgöngu til lífs sér og á hinn heilaga Ólaf

²⁹ Um Gissur galla sjá Flateyjarannál. *Islandske Annaler IX*, og Jón Jóhannesson, *Gizur bóndi galli í Vöðaldalstungu. Íslendinga saga II* (1958), 302-8.

³⁰ Tilv. rit, 303.

³¹ Í bók sinni um Kjalnesingasögu segir Helgi Guðmundsson rökilega frá Gissuri en bendir ekki á þessa líkingu, er að sýna fram á tengsl Gissurar við Hauk Erlendsson, sbr. *Um Kjalnesinga sögu. Nokkrar aþuganir*. (Studia islandica 26, 1967), 94-8.

konung".³² Sagan um fóstur Haralds hjá Dofra kemur fyrst fram á 14. öld og er í Flateyjarbók.³³

Menn hafa komið auga á líkingar með afrekum Búa og Finnboga ramma. Hinn síðarnefndi var sonur bóndans Ásbjarnar dettiáss í Flateyjar dal.³⁴ Finnbogi brá sér til Noregs, drap mág Hákonar jarls þar í landi og flutti dóttur hans á fund jarlsins. Jarli fannst Finnboga of gott að deyja strax og lét hann berjast við blámann. Þaufangbrögð fóru alveg eins og skipti Búa við blámanninn, hella varð honum að aldurtíla. Finnbogi sigraði líka alibjörn á sundi og hlaut þá uppgjöf saka. Eins og Gissur var hann síðan sendur í mikinn leiðangur, skyldi heimta skuld sem jarl átti hjá manni við hirð Grikkjakonungs og tókst það allt giftusamlega. Þetta minnir nokkuð á finnskattinn. Finnbogi fékk frænku jarls, þá sem hann hafði flutt til hans, og hélt til Íslands.

Björn M. Ólsen taldi að líkingin með gífnum þeirra Búa og Finnboga við blámenntætti sér rætur í einhverri sameiginlegri fyrirmynd enda algengt minni í fornaldarsögum. Hann taldi líka að Finnbogasaga hefði verið rituð "undir handarjaðri" Gissurar galla í Víðidal, eða "að hans hvötum", ekki vegna líkinga með afrekum þeirra Finnboga í Noregi heldur vegna hins að Finnbogi bjó á sömu slóðum samkvæmt sögunni, var hetja Víðdæla og sagan var fest á bókfell í tíð Gissurar.³⁵

Hér er því haldið fram að viðskipti Búa og Finnboga við höfðingja í Noregi dragi dóm af samskiptum Gissurar galla og Hákonar háleggs. Fjölmargir Íslendingar sem höfðu víg á samvisskunni hafa orðið að leita á fund Noregskonungs á 14. öld í von um sakaruppgjöf, frið og landsvist. Hver fór var full óvissu og um suma hefur kannski þótt örvænt að konungur liti mál þeirra nægilega mildum augum. Líklegt er að konungur hafi lagt á slíka menn, amk. suma hverja, að þjóna sér og sumir gátu fengið torveld verkefni. Þetta hafa þótt góð og spennandi söguefni á 14. öld en því miður vitum við lítið um samskipti konunga og sakamanna. Þess má þó geta að með Gissuri í för til Sama var Valtýr bróðir Pretta-Páls, þess sem veginn var 1344; er líklegt að Valtýr hafi einnig verið sekur þótt það komi ekki fram.

Hugsanlegt er að þeir sem voru ekki sterkefnaðir og gátu ekki reitt af sér jarðeignir í bætur hafi frekar en aðrir vígsmenn orðið að þjóna konungi. Gissur sat á stórbýlinu Víðidalstungu um 1330 en það hefur ekki verið föðurarfur hans, faðir hans var úr Dölum en ekki

³² *Islandske Annaler* IV-VI, VIII, IX. Í annálunum eru td. sögur um hafmeyjar (margýgjar, 1305 og 1329), fugla í Heklaeldi (1341) og atalandi ketti í Róm (1370).

³³ Þess má og geta að um Finna eða Sama var líklega notað orðið 'troll' eða 'tröll' en þá ekki í merkingunni *rísi* heldur *flökkunnugur, trýllur*; sbr. Hallbjörn hálftröll í Eglu.

³⁴ Merkiligt er að í annálum kemur fram við árið 1329 að Ásbjörn dettiáss var fóthöggvinn (*Islandske Annaler*, IV, V, VIII, IX).

³⁵ Björn M. Ólsen, Um Íslendingasögur. *Söfn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta* VI, nr. 3 (1937-9), 342, 348.

Víðidal. Um móður Gissurar er óvíst og þar með ekki sýnt að Gissur hafi verið efnaður þegar hann þurfti að fara á fund konungs.³⁶

Of stórir menn

Sé nú rétt að utanför seks manns á konungsfund hafi vakið áhuga Íslendinga á 14. öld og þótt gott söguefni, er það vísbending þess að í sögunum sé tekið mið af áhugamálum manna á 14. öld. Þetta ætti líka að eiga við um fæðardeilur sem eru svo fyrirferðarmiklar í tveimur framangreindum sögum og fleiri sögum frá 14. öld. Er áður komið fram að slíkar deilur með blóðhefnd munu hafa verið ekki fátíðar á Íslandi á fyrri hluta 14. aldar. Í *Sögu Íslands* V (1990) segir að Íslendingasögur séu nærtæk dæmi um um ófrið og sundurlyndi bændafólks og bætt við, “Urðu slíkar deilur oft tilefni vígaferla bænda og verkafólks þeirra. Sá sannleikskjarni sem sögurnar varðveita um illindi alþýðu á ugglaust við um 14. og 15. öld en flest handrit Íslendingasagna eru frá þeim tímum”.³⁷ Ókunnuglega lætur að Íslendingasögur frá 14. öld snúist um átök bænda og verkafólks. En um hvað snúast þær þá og hvað einkennir fæðardeilur í þeim þremur sögum sem eru hér til umræðu, Kjalnesingasögu, Finnbogasögu og Þórðarsögu?

Þórður hreða var vinsæll afreksmaður í Noregi sem naut hylli Gamla konungs og þá af honum gjafir. Að Gamla föllnum vó Þórður hinn illræmda Sigurð konung, varð útlægur og hélt til Íslands þar sem hann settist að í Miðfirði. Höfst strax fæð með honum og höfðingjanum Skeggja. Þórður varð vinsæll og Skeggi hélt að hann hygðist gerast höfðingi og kallaði hann ójafnaðarmann. Gekk ekki á öðru en árekstrum með Þórði og Skeggja og frændum hans. Málstaður Þórðar var jafnan góður og hann hafði ætíð sigur. Hann settist að á Miklabæ í Skagafirði og varð sótt dauður.

Ekki var Finnbogi fyrr kominn heim úr fræðgðarför sinni til Noregs en grannar hans í Flateyjardal tóku að ybbast við honum og varð “þykkjudráttur” og fæðardeilur. Andstæðingar Finnboga komu engu fram á þingi gegn honum af því að hann hafði hlotið framgang af Hákonu jarli, eins og segir í sögunni. Engu að síður hraktist hann brott úr Flateyjardal og settist að í Víðidal. Höfðingjarnir Ingimundarsynir þoldu ekki návist hans þar og sýndu honum áleitni en hann svaraði óhikað fyrir sig. Þó var hann ger brott úr Víðidal og settist þá að í hinni afskekktu Trékyllisvík þar sem hann sat með sóma.

Þessir fræðgðarmenn og garpar, Þórður hreða og Finnbogi rammi, eru “of stórir” fyrir umhverfi sitt, bændur og höfðingjar amast við þeim af því að þeir valda ójafnvægi og valdaröskun og upp spretta fæðardeilur þar sem margir falla. Búi er líka “of stór”, eins og hinir er hann bóndasonur og atgjörvismaður sem lætur ekki segja sér fyrir

³⁶ Sjá um þetta Jón Jóhannesson, tilv. rit, 302-3.

³⁷ Björn Þorsteinsson, Guðrína Ása Grímsdóttir, *Enska öldin með viðaukum eftir Sigurði Línadal. Saga Íslands* V (1990), 97.

verkum, fer sínu fram og er óragur við að drepa menn, sé hann áreititur. Allir eru þeir frægir fyrir afrek sín og samskipti við höfðingja Noregs. Eins og hinir veldur Búi miklum óróa í umhverfi sínu og ekki er hann fyrirferðarminni eftir fræga utanför. Góðgjarnir menn bera sáttaorð milli Búa og Þorgríms goða og verður úr að Búi hlýtur dóttur hans. Gerðist Búi hinn "vinsælsti maður" og tók við mannaforræði þegar Þorgrímur féll frá. Munurinn á þeim þremmenningum er einkum sá að Búi hlýtur mannaforráð en hinir ekki.

Hér er gripið á merkilegu efni, þeirri röskun sem verður í héröðum á Íslandi þegar þangað koma menn sem hafa hlotið upphefð í Noregi. Orðið ójafnaðarmaður lýtur að því að sumir menn valdi röskun á eðlilegu jafnvægi og/eða jöfnuði. Á þjóðveldistíma töldust allir frjálsir menn jafnir en sumir voru höfðingjar og nutu meiri virðingar en aðrir. Ef goðar hröpuðu í virðingarstiganum, hrundi af þeim fylgið og var illt við að eiga. Aðrir goðar hlutu metorð og aukna virðingu vegna framgöngu sinnar og í kjölfarið kom meira fylgi, fleiri þingmenn. Bændur kepptust líka við að auka virðingu sína, td. með því að snúast einarðlega gegn áreitni, taka vel á móti gestum á myndarlegu heimili, sýna dug í leikum, ss. hestaati og fleira mætti nefna. Staða bændu í virðingarstiga kom td. fram í því hverjir buðu þeim heim, hvar þeim var vísað til sætis og hverjum þeir og börn þeirra mægðust.

Um það hefur verið nokkuð fjallað hvort upphefð í Noregi og sýnileg tákn hennar, svo sem gjafir konunga, hafi getað aukið virðingu manna á Íslandi. Sörensen telur að svo hafi ekki verið og vísar til frásagnar Laxdælu af Kjartani og Íslendingasögu af Snorra Sturlusyni.³⁸ Ekki skal fjölyrt um þetta, látið nægja að benda á að munur hlýtur að hafa verið á því hvort upphefðin í Noregi féll í skaut bóndasyni eða höfðingja/höfðingjasyni. Oft mun hafa mátt líta á upphefð sem höfðingjar og höfðingjasynir hlutu í Noregi sem staðfestingu á ágæti þeirra og viðurkenningu á stöðu þeirra. Öðru máli hlýtur að hafa gegnt um bændasyni sem hlutu fram á vegum Noregskonunga og vildu njóta hans á heimaslóðum. Þeir sem töldust áður jafningjar, hlutu að ýfast við þeim og höfðingjar hlutu að gefa þeim hornauga, vera á varðbergi gagnvart þeim.

Við lok þjóðveldis ber æ meira á bændasonum sem hljóta frama við norsku hirðina og konungur teflir fram í sínu nafni í valdabaráttu á Íslandi. Gömlu stórgoðaættirnar hafa illan bifur á þessum "gullhálsum" sem þykjast jafnir þeim.³⁹

Eftir lok þjóðveldis fengu efnaðir stórbændur færi á að gerast sýslumenn ef þeim tókst að afla sér trausts hjá konungsvaldi. Víst er um það að "nýir menn" komust að og konungsvald mun ekki hafa litið eingöngu á það hvort menn voru vel ættaðir og vinsælir heldur skipti

³⁸ Preben Meulengracht Sörensen, *Fortælling og ære* (1992), 122-3, 207, 224-6, 260-62.

³⁹ Helgi Þorláksson, "Státír, auður og völd á 12. og 13. öld". *Saga* XX (1982), 92-106.

máli hvort þeir ættu eignir til að setja að veði fyrir völdum sínum.⁴⁰ Gömlu valdaættirnar munu hafa kvartað enda var eftirfarandi samþykkt af almúga á alþingi í Gamla sáttmála 1302, “Item að íslenskir sé lögmennt og sýslumenn á landi voru af þeirra ætt sem að fornu hafa goðorðin upp gefið”. Hér er bæði amast við norskum mönnum og “nýjum mönnum” íslenskum. Þessi krafa vitnar sennilega um það að menn af gömlum goðaættum sem gáfu upp goðorðin 1262-4 og hinir nýju hafi sameinast um að verja öðrum aðgang að embættum. Ber þá að skilja svo að hinir nýju sem komust að við lok þjóðveldis og upphaf konungsvalds hafi mægst gömlu ættunum og hafi verið tilbúnir að verja fenginn hlut.

Hákon konungur háleggur hafði þessa kröfu að engu og hún er ekki endurtekin með sama hætti í samþykkt almúga 1306 heldur aðeins kveðið á um að embættismenn séu íslenskir. Þannig var það líka í skilmálum 1319 þegar Magnús konungur smek skyldi hylltur. Þá settu “bændur og almúgi” fram þá kröfu að sóknarmenn, umboðsmenn sýslumanna, skyldu kosnir af bændum.⁴¹ Er þetta merkileg krafa og bendir til að við val embættismanna hafi þurft að taka mið af vinsældum.

Metnaðargjarnir atgjörvismenn úr röðum stórbænda sem hlutu hylli konungsvalds hafa sennilega valdið svipaðri röskun eftir lok þjóðveldis eins og fyrir. Samkeppni um sýsluvöld mun hafa verið hörð og “nýir menn”, bændasynir sem gerðust hirðmenn, ógnandi sem fyrr. Faðir Gissurar galla var bóndi, Gissur því réttur og sléttur bóndasonur sem gerist hirðmaður.⁴² Kominn út til Íslands mægðist hann ætt Erlends sterka, föður Hauks lögmanns, og naut þess sjálfsagt að hafa gott samband við konungsvald. Ekki getur þess að Gissur hafi orðið sýslumaður og hann var aldrei herraður þótt hann væri hirðmaður. Magnús sonur hans og Jón Hákonarson, sonarsonur, sátu í Víðidalstungu og sá síðarnefndi var efnaður og tengdasonur eins valdamesta manns landsins.⁴³ Nágrannar þeirra Víðdæla á Auðkúlu fóru með sýsluvöld, fyrst áðurnefndur herra Kolbeinn Bjarnason á Auðkúlu, bóndasonur sem hlaut mikla upphefð, og síðar sonur hans, Benedikt á Auðkúlu, sem fékk sýsluvöld 1323, var sýslumaður 1357 og lifði til 1379.⁴⁴ Kemur ekki fram að Gissur hafi deilt við Auðkýlinga en í sögu Lárensfúsar en lýst afskiptum biskups af tündarmálum hans og segir í því sambandi að ekki hafi verið margra að vanda um við Gissur.⁴⁵ Hann hefur væntanleg haldið hlut sínum fyrir Auðkýlingum.

⁴⁰ Sami, *Valmál og verðlag* (1991), 178-90. Bent er á að Bandamannasaga og Hænsa-Þóris saga séu hlýntrar eftirmynd bændasonum sem seilast til valda. mbo. “nýjum mönnum”.

⁴¹ Jón Jóhannesson, tilv. rit, 257, 275, 294.

⁴² Að vísu var amuna hans systir Hrafn Oddssonar goðorðsmanns sem mun hafa gefið upp goðorð 1262 en óvíst er að það hafi talist gilt því að Hrafn var bóndasonur.

⁴³ Sigurður Nordal, Formáli, *Flateyjarbók* I (1944), vi-x.

⁴⁴ Sjá má í Lárensfúsarsögu hversu fyrirferðarmikil Benedikt og hans fólk voru. Þar kemur líka fram að um 1325 hafði Eiríkur Sveinbjarnarson sýslu í Norðlendingafjórðungi vestra (tilv. rit, 107-8).

⁴⁵ Tilv. rit, 108.

Gissur galli hefur verið nokkuð hreykinn af tengslum sínum við Noregskonung og vafalaust verið konungssinni sem sést á því að hann gaf sonum sínum nöfnin Hákon og Magnús. Vel má vera að Finnbogasaga hafi verið samin undir handarjaðri hans og haft er fyrir satt að Jón Hákonarson hafi látið auka Þórðarsögu en sú gerð er að mestu glötuð.⁴⁶ Mun Jón því hafa látið sér annat um Þórð hreðu. Í þessu mun kannski lýsa sér pólitísk afstaða hans og sjálfsagt hefur Gissur verið hlynntur “nýjum mönnum” eins og Finnboga ramma, að breyttu breytanda. Hrafnkelssaga væri dæmi um sögu sem skrifuð hefur verið undir öfugum formerkjum, til styrktar gömlum og grónum höfðingjaættum.⁴⁷

Hvað sem líður stöðu Gissurar og afstöðu hans til Auðkýlinga, er víst að upphefð í Noregi og hylli Noregskonungs mun hafa getað valdið titringi á Íslandi. Þetta er hreyfiaflið í sögu þeirra Búa og Finnboga, þeir stækka við utanförina og valda röskun við heimkomu sína. Þórður hreða kemur líka inn í íslenskt samfélag eftir að hafa notið konungshylli í Noregi og veifar konungsgjöfum til sannindamerkis. Þetta hefur verið áleiðið efni á 14. öld og er þess vegna hreyfiafl umræddra sagna.

Niðurlag

Í upphafi var spurt hvort fæðardeilur hefðu átt eitthvert erindi við Íslendinga á 14. öld sem söguefni í Íslendingasögum, löngu eftir að landsmenn voru gengnir Noregskonungi á hönd og hann orðinn vígsakaraðili sjálfkrafa. Fæðardeilur með blóðhefnd munu hafa lifað áfram eftir þjóðveldislök, munurinn var sá að konungar komu að þeim með beinum hætti. Vígmenn voru dæmdir á konungsmiskunn. Sögurnar þrjár sem hafa verið umtalfeni hér, Kjálnesingasaga, Finnbogasaga og Þórðarsaga, munu allar vera frá fyrri hluta 14. aldar. Þær fjalla um vopnfima atgjörvismenn sem gerast sekir um víg en njóta hylli í konungsgarði og reynast of fyrirferðarmiklir úti á Íslandi til að komast hjá árekstrum við bændur og höfðingja. Fyrirmyndin að þessari manngerð getur verið bøndasonurinn Gissur galli í Víðidalstungu sem var dæmdur á konungs miskunn vegna vígs og hlaut mikla upphefð í konungsgarði. Hann hefur sjálfsagt átt sér hliðstæður. Aþingi samþykkt 1302 að einungis þeir sem komnir voru af stógoðaættunum sem gáfu upp goðorðin 1262-4 gætu orðið sýslumenn og lögmenn. Konungsvald mun ekki hafa sinnt þessari kröfu formlega en vilji ráðamanna var skýr og valdahópurinn gat beitt áhrifum sínum til að leggja stein í götu “nýrra manna”.

Sögurnar þrjár eru allar á bandi hinna “nýju manna”, bændasona sem ekki komast að sem höfðingjar fyrir þeim sem eru fyrir. Þórður hreða og Finnbogi rammí verða að láta undan síga en Búi Andriðsson á Kjálarnesi kemst til mannaforráða. Óróinn sem fylgir þessum mönnum

⁴⁶ Jóhannes Halldórsson, Formáli. *Kjálnesinga saga*, 1-ii.

⁴⁷ Shr. Sveinbjörn Rafnsson. “Um Hrafnkels sögu Freygoða, heimild til íslenskrar sögu”. *Saga XXXIV* (1996), 70-71. Sveinbjörn telur að sagan sé frá síðasta tug 13. aldar.

eða viðbrögðum við þeim veldur vígum og kann að skýra ófá af þeim fjölmörgu vígum sem getur í annálum á 14. öld. Oft hafa átökin snúist upp í fæðardeilur í gömlum stíl og um það fjalla sögurnar þrjár öðru fremur.

Sögurnar þrjár eru því samdar með áleitin sam tímavandamál í huga og munu þar með hafa skírskotað mjög til fólks á 14. öld. Þær hafa fram yfir flestar eldri sögur hversu miðlægt norskt konungsvald er í þeim.

Á 15. öld hættu Íslendingar að semja Íslendingasögur. Ein ástæðan var kannski sú að norskt konungsvald var ekki miðlægt lengur?

